

# Skipulagsáætlanir og þjóðvegir

Salvör Jónsdóttir

Kynning 7.nóvember 2008

Unnið með styrk frá Vegagerðinni af

# Spjallið

- Um verkefnið
  - tilgangur
  - bakgrunnur
  - notagildi
- Nýjar hliðar
- Næstu skref

# Hversvegna þörf á sérstakri umræðu um samgöngur og skipulag (hér) á landi?

- Landnotkunarskipulag og samgönguskipulag tengt en ekki unnið þannig að samhljómi
  - Hugsanlega mismunandi aðferðafræði
- Landnotkunarskipulag og samgönguskipulag unnið á mismunandi stjórnsýslustigum
  - Hugsanlega mismunandi leiðarljós, viðmið og væntingar
  - Hugsanlega togstreita milli stjórnsýslustiga

# Hvað er landnotkunarskipulag?

- Tæki til að hafa áhrif á notkun og nýtingu lands
  - þar með talið í þágu samgangna
- Lýðræðislegur ferill þar sem stefnumótun um landnotkun verður til með þátttöku hagsmunaaðila

# Samgöngur eru umtalsverður hluti af landnotkun

Mikilvægi samgangna endurspeglast meðal annars í því hversu sjálfsagt hefur þótt að leggja verðmætt land til þeirra...



En verðmætamat á landi hefur breyst...

Ljósmynd Reykjavíkurborg

# Er þörf á breyttum áherslum?

- Kannanir benda t.d. til þess að íbúar höfuðborgarinnar séu óánægðir með fyrirkomulag samgangna
- Landnotkun gatnakerfis og bílastæða mikil
- Tími sem fer í ferðir eykst



Ljósmynd Reykjavíkurborg

# Hefðbundin hringrás landnotkunar og samgangna í og við þéttbýli

Vegur breikkaður

Engin umferðarteppa

Meira land verður aðgengilegt

Verð á landi hækkar og landeigendur vilja breyta landnotkun

Vegna pólitískrar pressu um uppbyggingu er landnotkun breytt

Ný byggð skipulögð fólk flyst í stærra og ódýrara húsnæði

Íbúar og viðskiptavinir ferðast lengra

Umferðarteppa myndast

Íbúar kalla eftir breikkun vega

# Óheppileg hringrás → óheppilegar afleiðingar



*Gamall sannleikur og nýr…*

Gangið inn um þrönga hliðið. Því að vítt er hliðið og vegurinn breiður, sem liggur til glötunar, og margir þeir, sem þar fara inn. Hve þröngt er það hlið og mjór sá vegur, er liggur til lífsins, og fáir þeir, sem finna hann.
*(Mattheus, 7:13-14).*

En vitaskuld unnið að lausnum…

# þjóðvegur í skipulagstillögu




**Æskilegt verklag við samráð, VSÓ / Vegagerðin 2007**

## 4.3 Sundabraut

Árið 1984 var Sundabraut, fyrirhugaður vegur yfir Kleppsvík, um Gufunes, Geldinganes og áfram yfir Kollafjörð í Álfsnes og yfir á Vesturlandsveg, sett inn á aðalskipulag

Síðar á árinu, í nóvember, lá fyrir að Skipulagsstofnun féllist á alla framlagða kosti nema að leggja brautina á fyllingu út fyrir Gufuneshöfðann. Hins vegar setti stofnunin ellefu skilyrði fyrir framkvæmdum, m.a. um hljóðvarnir í íbúðahverfum og samráð við íbúa um þær, um hreinsun frárennslis af brautinni og tillit til gangandi og hjólandi umferðar.

Í janúar (2005) var umræða í borgarstjórn um Sundabraut og taldi meirihlutinn rétt að bíða eftir úrskurði umhverfisráðherra en úrskurður Skipulagsstofnunar hafði verið kærður. Í september samþykkti borgarstjórn innri leiðina en með skilyrðum. Bókunin hljóðaði svo: „Að því gefnu að umhverfisráðherra telji báðar leiðir yfir Kleppsvík færar og viðunandi lausn fáist á tengingu Sundabrautar við Sæbraut m.t.t. hagsmuna miðborgarinnar og nærlægrar byggðar, mun verða ráðist í breytingar á gildandi Aðalskipulagi Reykjavíkur með það fyrir augum að fara s.k. innri leið. [...] Sérstaklega er því fagnað að átta milljarðar króna skulu lagðir til fyrsta áfanga Sundabrautar á árunum 2007–2010."

Í janúar 2008 samþykkti borgarráð tillögu þess efnis að Sundabrautin yrði lögð í göngum. Í maí 2008 boðaði samgönguráðherra síðan til fundar til að upplýsa íbúa Reykjavíkur og aðra um mögulegar lausnir við útfærslu Sundabrautar. Þrátt fyrir að Vegagerð ítrekaði að hún teldi eyjalausn hagkvæmasta kostinn, m.a. vegna áætlaðs kostnaðarmunar upp á 9 milljarða, mæltu borgarfulltrúar með jarðgangalausninni.

Um mitt ár 2006 voru drög að matsáætlun fyrir 2. áfanga Sundabrautar, þ.e. frá Gufunesi að hringvegi á Kjalarnesi, lögð fram til kynningar. Í október 2007 féllst Skipulagsstofnun á tillögu að matsáætluninni og hefur hún nú verið samþykkt. Eins og staðan er nú er reiknað með að umhverfismatsskýrslur fyrir báða áfanga verði látnar fylgjast að í tíma. Búist er við að þær verði síðan lagðar fram sumarið 2008.

**Dæmi úr raunveruleikanum, Ríkisendurskoðun 2008**

## Er hætta á að landnotkunarskipulag og samgönguskipulag sé ekki alltaf í takt?

Hveragerðis hafa komist að skipulagsniðurstöðu um nýjan veg um síðustu áramót. Tilgangslaust sé þó að auglýsa skipulagið fyrr en Vegagerðin hafi sagt sína skoðun á hlutum eins og mislægum gatnamótum, tengiveg-

…gerðinni. Vegagerðin …ætlun fyrir tvöföldun … Hveragerðis og … …entanlega um næstu áramót. En lengra sé hins vegar í áætlun fyrir kaflann milli Hveragerðis og Selfoss. Skýringin sem Vegagerðin gefur á því er sú, að kaflinn sé nær byggðum og því flóknari en vestari kaflinn og töluvert eigi eftir að vinna í skipulagsmálum. Sú skýring stangast á við staðhæfingu Ólafs

Morgunblaðið
MIÐVIKUDAGUR 13. ÁGÚST 2008

# Er hætta á að landnotkunarskipulag og samgönguskipulag sé ekki alltaf í takt?



# Breyttar áherslur:

- Heildstæð stefnumótun í landnotkunarmálum
  - Samþætting samgangna og annarrar landnotkunar
- Skipulagsvinnubrögð þróast sbr. umhverfismat áætlana




**Ferli aðalskipulags með umhverfismati.**
Athygli er vakin á að á myndinni er aðeins gerð grein fyrir kynningu og samráði miðað við lágmarkskröfur laganna, en tilefni getur verið til víðtækara samráðs og kynningar.

# Breyttar áherslur:

- Langtímasjónarmið mikilvæg
- Breytt efnahagsástand – breytt viðmið
  - Þétting byggðar
  - **Bæta almenningssamgöngur**
  - **Bæta aðstæður óvarinnar umferðar**
  - **Gera ráð fyrir sambýli einkabíls og annarrar landnotkunar**




ar breytingar hafi orðið í samfélaginu hvað varðar verndun umhverfisins. „Fólk er orðið mjög meðvitað um umhverfis- og skipulagsmál og pólitíkusar líka," segir Stefán. Fólk geri þær kröfur að það sé farið varlega í allar breytingar og á það hafi verið lögð mikil áhersla í skipulagsnefnd

# Flokkun vega - Þjóðvegur:

- skilgreining 2008: Þjóðvegir eru þeir vegir sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar, haldið er við af fé ríkisins og upp eru taldir í vegaskrá.



- Hvaða afleiðingar hefur þessi nýja skilgreining á þjóðvegum?
- Á áætlanagerð um samgöngur og landnotkun?
- Á samskipti stjórnsýslustiga
  - Veltur á “framkvæmd upptalningar” í vegaskrá

# Erum við tilbúin til að breyta áherslum?

- Upplýsing og fræðsla
  - Ný viðmið: Nýjar útfærslur
- Gera greinarmun á þéttbýli og dreifbýli
- Vernda þau gæði sem felast í þéttbýli og þau gæði sem felast í dreifbýli



# Næstu skref

- Aukin umræða → aukinn skilningur →
- Nýjar vinnuaðferðir þarf að þróa í samvinnu þeirra aðila sem koma að áætlanagerð um landnotkun

- Samgönguáætlun og skipulagsáætlanir;
  - Þurfa að innihalda sýn og stefnu
  - sem verða að hljóma saman – innbyrðis og þvert á stjórnsýslustig

- Leiðbeininga er þörf



Takk fyrir!